

Minnisblað

vegna fréttamannafundar um verðlagsmál mjólkur og mjólkurafurða, mánudaginn 22. nóvember 2004.

Í dag hefur Verðlagsnefnd búvöru kynnt sameiginlega ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, breytist ekki nú um áramótin.

Hins vegar hækkar verð til bænda um 3,4% sem er í fullu samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs.

Jafnframt hafa fulltrúar mjólkuriðnaðarins lýst því yfir að ekki komi til verðbreytinga á öðrum mjólkurvörum að svo stöddu.

Þessi ákvörðun er m.a. tekin í ljósi þess að hagræðingaraðgerðir í mjólkuriðnaðinum hafa skilað umtalsverðum árangri á undanförunum árum.

Síðustu almennu kostnaðarhækkanir sem settar voru í mjólkurverð til neytenda eru frá október 2002. Þetta verður því þriðja árið í röð sem heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum helst óbreytt¹ og er í samræmi við það samkomulag sem náðist í “mjólkurnefndinni” um að neytendur njóti í meira mæli ávinnings hagræðingar.

Miðað við þróun almenns verðlags og áætlun fyrir 2005 má ætla að þessi ákvörðun þýði um 500 milljón króna lægri útgjöld fyrir íslenska neytendur á árinu 2005. Með sama hætti má áætla að útgjöld neytenda hafi verið 350 milljón króna lægri á árinu 2004 eða um það bil 850 milljónir á tímabilinu 2004-2005.

Áætlaður sparnaður af hagræðingaraðgerðum sl. áratug í mjólkuriðnaði er metin vera um 400 milljón króna á ári.

Opinber verðlagning er gagnsæ verðlagning þar sem koma að samtök launafólks, bændur, mjólkuriðnaðurinn og stjórnvöld og starfar skv. búvörulögum.

Alþingi ákvað sl. vor að viðhalda opinberri verðlagningu og um leið var mjólkuriðnaðinum heimilað að vinna saman, viðhalda ákveðinni verkaskiptingu og/eða sameinast til þess að geta haldið áfram á þeirri hagræðingarbraut sem er nauðsynleg til þess að mæta frekari samkeppni erlendis frá síðar meir.

Nýr mjólkursamningur var undirritaður 10. maí sl. um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og gildir samningurinn frá 1. september 2005 til 31. ágúst 2012.

Markmið þessa samnings eru:

- Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.

¹ að undanskyldu 60 – 65 ára úrvinnslugjaldi á samsettar pappaubúðir 1. mars sl. vegna gildistöku laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald á umbúðir.

- Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.
- Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.
- Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.
- Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluáðstöðu með eðlilegum hætti.
- Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.

Með þetta í huga má telja að staða mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaðarins sé traust og greinin sé vel í stakk búin til að stuðla að lækkuðu vöruverði til neytenda og styrkja þar með samkeppnisstöðu sína.

Ég tel að fyrirkomulag opinberrar verðlagningar á mjólk og mjólkurvörum hafi verið farsælt á undanförunum árum og átt sinn þátt í þeirri æskilegri verðþróun sem ég lýsti hér áðan.

Ég minni á að í ársbyrjun 2003 skipaði ég nefnd, svo kallaða “mjólkurnefnd”, en í henni áttu sæti aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. fulltrúar frá ASÍ, BSRB og Samtök atvinnulífsins, bændur, mjólkuriðnaðurinn og stjórnvöld. Nefndin fékk það hlutverk að kanna framkvæmd núgildandi mjólkursamnings og gera tillögur um stefnumótun fyrir greinina og undirúa þannig nýjan mjólkursamning sem frá var gengið sl. vor.
